

Húsavík, 5. janúar 2022

## Til: Fjölskylduráðs Norðurþings

### Erindi: Húsnæðisvandi Tónasmiðjunnar

Tónasmiðjan hóf starfsemi á Húsavík árið 2017 og hefur verið í gangi óslitið síðan undir stjórn Elvars Bragasonar og Hörpu Steingrímsdóttur og hafa um 200 ungmenni tekið þátt í starfinu hér á Húsavík.

Megin markmið Tónasmiðjunnar er að byggja upp sjálfsmýnd og sjálfstraust þátttakenda auk þess að efla félagstengsl í gegnum skapandi tómstundastarf og vinna þannig að jákvæðri forvörn.

Það að fá tækifæri til að tilheyra fjölbreyttum hópi, mynda tengsl, rækta hæfileikana sína og vinna stóra og smáa sigra er ómetanlegt fyrir alla, bæði unga sem aldna. Í Tónasmiðjunni höfum við brúað kynslóðabil þar sem ungir læra af sér reyndari og ungmenni fá tækifæri til að spila með reyndu tónlistarfólki, ræða við það um tónlist og mynda tengsl. Hér er verið að ala upp tónlistarfólk framtíðarinnar, þá einstaklinga sem eiga eftir að koma að og halda uppi menningarstarfi á sínum heimaslóðum. Ljóst er að Tónasmiðjan er að uppfylla brýna þörf í samfélaginu okkar fyrir skapandi tómstundir og samastað fyrir þá sem ekki alltaf finna sig annars staðar. Hér fyrir neðan má sjá nokkra vitnisburði ungmenna sem tekið hafa þátt í starfinu síðustu ár:

- Tónasmiðjan gaf mér meira sjálfstraust og fleiri tækifæri til þess að láta tónlistar draumana mína rætast.
- Tónasmiðjan gaf mér þá tilfinningu að tilheyra loksins einhversstaðar. Að fá að vinna með öðrum við það sem ég elska.
- Í Tónasmiðjunni fáum við tækifæri að læra öll af hverjum öðrum bæði ungir og gamlir, við fáum að kynnast og spila með þekktu tónlistarfólki og lærum mikið af því.
- Elvar er alltaf til staðar fyrir okkur ef við þurfum á að halda, það er gott að leita til hans og gott að tala við hann. Hann passar líka svo vel að öllum líði vel og allir hafi hlutverk.
- Ég hef glímt mikið við kvíða og þunglyndi, Tónasmiðjan bjargaði lífi mínu. Ef ég hefði ekki haft Tónasmiðjuna, er ég ekki vissum að ég væri hérna lengur.

Vert er að taka fram að þátttaka í Tónasmiðjunni hefur alltaf verið öllum að kostnaðarlausu. Einnig má geta þess að frá því 2017 hefur Tónasmiðjan gefið um 3 milljónir króna til góðgerðarmála í héraði sem og á landsvísu, en allur hagnaður af viðburðum á hennar vegum rennur til góðgerðarmála.

Þann 23. desember s.l. var Tónasmiðjunni því miður sagt upp húsaleigusamningi hjá Norðurþingi, en starfsemin hafði þá um nokkurt skeið leigt eitt bil í Verbúðunum. Var Tónasmiðjan búin að koma sér ágætlega fyrir í húsnæðinu og vinna ýmsar endurbætur sem kostaðar voru alfarið af velunnurum hennar. Húsnæðið var miðsvæðis og hentaði unga fólkinu okkar vel, en um 25 ungmenni tóku þátt í síðasta verkefni Tónasmiðjunnar auk fjölda annars tónlistarfólks á ýmsum aldri. Nú stefnir semsagt í að Tónasmiðjan verði húsnæðislaus þann 1. apríl næstkomandi og ljóst

er að ekki er hægt að reka starfsemina áfram nema að sá vandi leysist. Eins og áður hefur komið fram er þörfin brýn og því leitum við nú til Fjölskylduráðs Norðurlands um úrlausn mála. Tónasmiðjunni vantar aðstöðu fyrir starfsemina þar sem unga fólkinu okkar líður vel og getur haldið áfram að rækta sig í gegnum skapandi verkefni. Við horfum m.a. til miðhæðarinnar í Túni sem myndi henta okkur ágætlega, en rýmið þarf að geta boðið upp á samspil, einkaæfingar, minni viðburði, vinnustofur og jafnvel litla tónleika. Við erum einnig opin fyrir öðrum möguleikum en gott væri að geta tryggt húsnæði til lengri tíma svo starfsemin geti dafnað í öruggu skjóli.

Þar sem allur hagnaður af Tónasmiðjunni hefur hingað til farið til góðgerðarmála er mikilvægt að leigan sé sanngjörn og að húsnæðið sé í ágætu ásigkomulagi, þ.e. þarfnist ekki mikilla endurbóta. Við viljum halda áfram að gefa út í samfélagið og höfum fulla trú á að við getum öll fundið samstarfsflöt þar sem allir eru sáttir.

Við vonum innilega að Fjölskylduráð Norðurlands sé tilbúið að vinna með okkur og finna lausn á þessu máli, Tónasmiðjunni og samfélaginu öllu til heilla.

**Með fyrirfram þökk,**

Elvar Bragason og Harpa Steingrímisdóttir